

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

UM JARDHITALÍKUR Í AUSTUR LANDEYJUM  
OG JARÐLÖG Í UNDIRGRUNNI ÞAR UM SLÓÐIR.

Kristján Sæmundsson  
Valgarður Stefánsson

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

UM JARDHITALÍKUR Í AUSTUR LANDEYJUM  
OG JARÐLÖG Í UNDIRGRUNNI ÞAR UM SLÓÐIR.

Kristján Sæmundsson  
Valgarður Stefánsson

OSJHD 7412

April 1974.

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

Um jarðhitalíkur í Austur-Landeyjum og jarðlög í undirgrunni þar um slóðir.

20.3.1974.

K.S./V.S./sv

Inngangur.

Nokkur síðustu árin hafa verið gerðar viðnámsmælingar allvíða í neðanverðri Rangárvallasýslu. Til eru einnig allmikil gögn um hljóðhraða-mælingar í bergi á því svæði. Skammt er til Vestmannaeyja, en þar hefur verið boruð 1565 m djúp hola, sem veitir ýmsar upplýsingar og loks hafa ýmsar nýjar niðurstöður um byggingu landsins og háttalag eldgosabeltanna svipt hujunni af hinum dýpri berggrunni Rangárvallasýslu, sem liggur djúpt grafinn undir nýlegum eldgosamýndunum og söndum.

Síðustu mánuðina hefur mikið verið bollalagt um hitaveitur og jarðhitamöguleika hinna ýmsu byggðarlaga, og er því gagnlegt að safna á einn stað því sem nú er vitað um þau mál varðandi þéttbýlasta hluta Rangárvallasýslu.

Jarðfræði.

Elztu jarðlög í Rangárvallasýslu koma fram vestur við Þjórsá frá Skarðsfjalli niður undir Kálfholt. Aðallega eru þetta basalthraunlög, sem telja má víst að séu frá síðasta hluta Gauss-segulskeiðsins, þ.e. 2,5-2,7 milljón ára (1). Jarðlögum þessum hallar um  $6-10^{\circ}$  til norðvesturs. Í Skarðsfjalli gætir mjög móbergs, og er þar komið í heldur yngri jarðlög með norðausttlægum halla. Allur jarðhitinn norðvestast í sýslunni kemur fram á útbreiðslusvæði þessarar elztu myndunar. Hitastig í laugum á þessu svæði er á milli 50 og  $70^{\circ}\text{C}$  og fer heldur kólnandi suðvestur eftir. Láglendi Rangárvallasýslu er eintómir sandar nema austast í Holtum og upp af Rangárvöllum, þar sem ung hraun og hraunlög frá hlýskeiðum

(2) þekja allstóri svæði. Hlýskeiðahraunin, sem eru á yförborði vestan Ytri-Rangár munu liggja undir söndunum austan árinnar, en óvist hversu langt austur þau ná. Hálendi sýslunnar eru megineldstöðvar, Eyjafjallajökull, Tindfjallajökull og Hekla nyrst. Suðvestur frá Heklu liggur sprungusveimur með gossprungum og móbergshryggjum, en tvær hinar syðri eru ekki tengdar sprungusveimi, hins vegar teygist mikið hálandi austur og vestur frá þeim, og eru þar á ungar eldstöðvar. Eldvirkni í þessum megineldstöðvum verður ekki rakin aftur fyrir upphaf núverandi segulskeiðs, en það hófst fyrir 700.000 árum.

Ýmsar grundvallarrannsóknir hafa á síðustu árum leitt til nýs skilnings á byggingu landsins og aldri og þróun gosbeltanna. Varðandi Rangárvallasýslu hefur komið í ljós, að eldgosabeltið þar uppf er jarðfræðilega séð ungt, líklega innan við milljón ára. Í undirgrunni þess er að vænta tertíerrar blágrýtismyndunar. Búast má við að hún liggi mjög djúpt undir hinum virku eldfjöllum en grynnki á hana, þegar dregur vestar. Hitastigull á útbreiðslu-svæði hinnar tertíeru blágrýtismyndunar er mun lægri en í kvarteru blágrýtismynduninni, og eðer lekkandi eftir því sem komið er í eldri jarðlög og fjar því gosbelti, þar sem þau eru upp runnin. Tertiara blágrýtismyndunin í undirgrunni Rangárvallasýslu á rætur að rekja til Reykjanness- Langjökuls-gosbeltisins og minnka því jarðhitálíkur með vaxandi fjarlægð frá því. Gosbeltið unga á austurmörkum Rangárvallasýslu er ekki svo þróað, að fram séukkomin lághitasvæði á jöðrum þess, þótt jarðhitálíkur séu nokkrar nálægt miðbiki sjálfra megineldstöðvanna (Seljavallalaug sunnan Eyjafjallajökuls, Hitagil suðaustan í Tindfjallajökli).

Í Vestmannaeyjum er 1565 m djúp borhola. Niðurstöður úr þeirri holu koma heim og saman við þá mynd, sem hér var sett fram. Undir 200 m þykkri, ungri eldgosamyndun er 600 m þykkur setlagabunki og á 800 m dýpi er komið í blágrýtismyndun, sem líklegga er tertier að aldri. Hitastigull í holunnimmældist  $63^{\circ}\text{C}/\text{km}$ , sem er svipað og í tertíeru bergi við Eyjafjörð og víðar á Miðnorðurlandi (3, 4).. Ýms rök (5) benda til, að mun grynnra sé á tertíeran berggrunn undir Landeyjum en undir Vestmannaeyjum.

Jarðsveiflumælingar.

Þrír langir prófílar (6) eru á svæðinu. Þeir eru: Nr. 34 Vík - Eyjafjöll, nr. 35 Hella - Fljótshlíð og nr. 36 Þykkvibær - Rangárvellir. Aðalniðurstöður þessara mælinga eru:

Prófíll	34	35	36
$V_0$ km/s	2.92	-	-
$V_1$ "	4.41	3.88	3.90
$V_2$ "	5.21	4.97	5.00
$V_3$ "	-	6.13	6.22
$h_0$ km	0.57	-	-
$h_1$ km	2.17	1.73	1.21
$h_2$ km	> 4.4	1.67	3.04

0-lagið kemur aðeins fram undir Eyjafjöllum og ~~vergi~~ist vera þar um 600 m þykkt. Þetta lag túlkur Guðmundur Pálason (6) sem nútímanyndanir (t.d. móberg), og má af þessu draga þá ályktun að móbergið í Eyjafjöllunum

nái niður á ca. 600 m dýpi. Á Rangárvöllum er engin ung bergmyndun ofaná tertíera basaltinu, sem kemur fram í jarðsveiflumælingunum. Slík ung bergmyndun (hraun, móberg, setlög) er því varla þykkari en ca. 100 m.

Auk þessa hafa verið teknir nokkrir styttri jarðsveifluprofílar á söndum við ströndina (7, 8).

Af þeim niðurstöðum má nefna:

Prófill	Affallsós	Bakki	Kötlutangi
$v_0$ km/s	1,56	1.58	1.44
$v_{01}$ "	-	1.84	1.88
$v_1$ "	4.8	4.1	4.0
$h_0$ m	72	28	70
$h_{01}$ m	-	195	165
$h_0 + h_{01}$ m	72	223	235

Það sem er eftirtektarvert í þessum stuttu mælingum er, að hér kemur ekki fram neinn hljóðhraði, sem túlkaður verður sem braði í ungu móbergi. Þifsta lagið með hraðana  $V_0$  og  $V_{01}$  hefur hraðann 1.5-1.9 km/s. Þessi hraði verður ekki túlkaður sem fast berg, heldur sandur eða e.t.v. set. Sjálfsgagt virðist að túlka bæði þessi lög sem tiltölulega laus jarðlög og að meta stærðina  $h_0 + h_{01}$  sem dýpi á fast berg. Trausti Einarsson hefur túlkað þetta á annan veg (9).

Neðan við petta lausa lag tekur við lag með tiltölu-  
lega háum hljóðhraða  $V > 4$  km/s. Hér er eflaust um  
~~Þegundur Pálason kallar lag 1,~~ en það er túnkað sem tertíer basaltmyndun. Samkvæmt  
þessu ætti ekki að vera nein móbergsmýndun undir sönd-  
unum í t.d. Landeyjum, heldur einungis 3-5 millj. ára  
gamalt basalt. Hér má geta þess að í jarðsveiflumel-  
ingum á Reynisfjöru (8) milli Dyrhólaeyjar og Reynis-

fjalls mældist berghraði 2.3 - 3.5 km/s , en það er vanalegur hljóðhraði í móbergi.

Staðsetning jarðsveiflumælinga er sýnd á Fnr. 6914.

Helstu niðurstöður jarðsveiflumælinga eru því þær að fast berg undir Landeyjasundum sé að öllum líkendum tertiert blágrýti. Dýpi á fast berg er af stærðargráðunni: 50-300 m og dýpkar á því til austurs.

#### Rafleiðnimælingar.

Allmargar viðnámsmælingar hafa verið gerðar í Rangárvallasýslu. Mælingar þessar mynda ekki samfellt net, en gefa upplýsingar um viss afmörkuð svæði innan sýslunnar.

Austan Þjórsár hafa verið gerðar 11 mælingar. Eru þær flestar í Holtum og eru tengdar jarðviðnámskorti af Flóa og Ölfusi. Niðurstöður þessara mælinga, svo ~~og~~ viðnámskort er getið í skýrslu frá des. 1973 (10), en þar kemur fram, að lágvíðnámssvæðið í Gauðverjabæ virðist ná ~~a~~itthvað austur í bykkvabæ (mæling H 11). Í Holtunum mælist yfirleitt hátt viðnám, nema í einni mælingu (H 5), sem er alveg á bökkum Þjórsár.

Um miðbik sýslunnar hafa verið gerðar mælingar nálægt Hellu, við Hvolsvöll og í Austur-Landeyjum. Staðsetning þessara mælinga er sýnd á fnr. 11704 og niðurstöður mælinganna er að finna á fnr. 11711. Við Hellu kemur fram lágt viðnám í einni mælingu (E 18). Þetta lága viðnám 15 Ω m virðist byrja á 15 m dýpi og vera um 200 m þykkt, en þar neðan við virðist viðnám vera hærra ≈ 60 Ωm. Hvort þetta lága viðnám stafar af jarðhita eða t.d. seltu verður varla úr skorið nema með borun.

Mælingar við Hvolsvöll E 12, E 13, E 14 og E 15  
benda ekki til jarðhita á því svæði.

Í Austur-Landeyjum hafa verið gerðar fjórar mælingar E 7, E 8, E 10 og E 11. Lang hitalegust er þar mæling E 7 við Gunnarshólma þar sem 25 ðm viðnám kemur fram á 80 m dýpi. Við Hallgeirsey kemur fram 33 ðm lag á svipuðu dýpi og við Gunnarshólma, og er ekki vist hvort þetta lag er tengt 25 ðm luginu eða hvort lága viðnámið byrjar fyrst í 200-300 m dýpi. Um jarðhitalíkur við Gunnarshólma er svipaða sögu að segja eins og við Hellu, vitneskja um þetta fæst varla nema með borun. Þó má benda á að jarðfræðilega eru taldar litlar líkur á jarðhita við Hellu, en þó enn minni í Landeyjum.

Undir Eyjafjöllum voru gerðar nokkrar mælingar sumarið 1971. Niðurstöðum þeirrammelinga er lýst í skýrslu þeirra Jóns Jónssonar og Guðmundar Guðmundssonar frá febr. 1972 (11).

Niðurstöður viðnámsmælinga við Hellu og við Gunnars-hólma sýna lágt viðnám, sem geti staðað af jarðhita, en sölt jarðög gætu einnig gefið svipaða svörun. Ef áhugi er á að kanna þetta með borun þyrfti að gera frekari viðnámsmælingar til þess að staðsetja nákvæmlega lágviðnámssvæðin. Rannsóknarborhola yrði líklega staðsett þar sem eðlisviðnám bergs er lægst.

## Rannsóknarborun í Austur-Landeyjum.

Eins og fram er komið hér á undan er mestöll sú  
þekking, sem við höfum um undirlög Landeyja, fengin  
af samanburði við nærliggjandi landshluta og jarð-  
eðlisfræðilegum mælingum. Við getum ekki leyft okkur  
glannalega bjartsýni um að vinna megi heitt vatn úr  
berggrunni Landeyja, þar sem öll rök hníga í þá átt  
að hitastigull þar sé fremur lágor. Hins vegar er  
því ekki að neita að jafnvel þar sem hitastigull er  
lágor getur verið jarðhiti, ef berggrunnur er hæfi-

lega vatnsgengur, en um þann þátt er ekkert vitað.

Rannsóknarhola í Austur-Landeyjum gæti gefið ýmsar gagnlegar upplýsingar, sem hefðu mikið gildi fræðilega séð, auk hinna beinu hagnýtu upplýsinga. Til þess að slík hola kæmi að gagni þyrfti hún að ná vel niður í blágrýtismyndunina og hana þyrfti að fóðra þannig að gegnumrennsli í lausum jarðögum gæti ekki truflað hitamælingar. Má búast við að bora þyrfti allt að 500 m djúpa holu, ef fannsóknin ætti að vera fullnægjandi og þá holu þyrfti að fóðra 100-200 m niður. Lauslega áætlað myndi slík hola nú kosta um 3 milljónir króna.

Heimildir:

1. Jón Eiríksson, jarðfræði Ytra Miðsuðurlands.  
B.S. prófritgerð, Háskóli Íslands (1973)
2. Kristján Sæmundsson, Hraunlög frá hlýskeiðum  
í saldar á Suðurlandi og myndun kubbabergs,  
Jökull 1970.
3. Guðmundur Pálason, Jens Tómasson, Jón Jónsson  
og Ísleifur Jónsson, Djúpbорун í Vestmannaeyjum,  
Raforkumálastjóri, Jarðhitadeild og Jarðboranir  
ríkisins (1965).
4. Guðmundur Pálason, Kinematics and Heat Flow in  
Volcanic Rift Zone, with Application to Iceland.  
Geophys. J.R. astr. Soc. 33, 451 (1973).
5. Guðmundur Pálason, The Insular Margin of Iceland,  
C.A. Burke og C.L. Drake útg. The Geology of  
Continental Margins (1974).
6. Guðmundur Pálason, Crustal Structure of Iceland  
from Explosion Seismology. Soc. Sci. Islandica,  
Rit 40 (1971).
7. Sigrús Björnsson, Um þykktarmælingar sanda á  
Suðurlandi, Raforkumálastjóri, Jarðhitadeild (1964).
8. Gylfi Guðnason, Jarðsveiflumælingar í ágúst 1964,  
Raforkumálastjóri, Jarðhitadeild (1964).
9. Trausti Einarsson, Suðurströnd Íslands og myndunar-  
saga gaga hennar, T.V.F.I. 51, 1 (1966).

10. Valgarður Stefánsson, Rafleiðnimælingar í Ölfusi og Flóa 1973, Orkustofnun, Jarðhitadeild (1973).
11. Jón Jónsson og Guðmundur Guðmundsson, Leit að jarðhita í Fljótshlíð, Landeyjum og undir Eyjafjöllum sumarið 1971, Orkustofnun, Jarðhitadeild (1972).

Fyr b611

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

Staðsetning jarðsveiflumælinga á Suðurlandi

30.II.'64 G.P./erla



Tnr. 5 Tnr. 102

J-Vestm. J-Jarð.sv.m

Fnr. 6914

Dýptarkort af svæðinu umhvørvis Vestmannaeyjar, og híklegur stallur í tertiér blágrýtis-mynduninni milli Vestmannaeyja og lands.

Bætt inn á teikningu, VS 26.3.'74



Skyringar:

○ Jarðsveiflumæling

34

35

36

Borthold

50

100

200

500

1000

2000

Stallur

1000

2000

3000

4000

5000

6000

7000


8000

9000

10000

11000

Km  
0 10 20 30 40 50





 ORKUSTOFNUN  
JHD Lagskipt

JHD

# Lagsskipting jardvidhnáms

۲۳

MAR. '74 ?

Tnr 3 Tnr 931

J-Landey J-Vidn.

| Enr 11711

Landeyjar.

۲۳

*Ekkirúlkonleg lengra - - - -*

Lagamot

